

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Norðurþingi.

Deiliskipulag fyrir fiskeldi á Núpsmýri í Öxarfirði.

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum 21. september 2021 deiliskipulag fyrir fiskeldi á Núpsmýri. Deiliskipulagið mótar ramma um uppbyggingu frekari mannvirkja á iðnaðarsvæði 13 á Núpsmýri í Öxarfirði. Með deiliskipulaginu er einnig tekið tillit til umhverfisins og reynt að takmarka neikvæð áhrif á umhverfið. Skipulagssvæðið fylgir lóðarmörkum fiskeldisins sem er 8,39 ha að flatarmáli en fiskeldið verður þó alfarið innan 5,6 ha iðnaðarsvæðis til samræmis við ákvæði aðalskipulags Norðurþings 2010-2030.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. gr. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og öðlast þegar gildi.

Húsavík, 17. febrúar 2022.

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 17. febrúar 2022